

1925 nr. 30 27. júní**Lög um selaskot á Breiðafirði og uppdráp**

■ **1. gr.** Öll selaskot skulu hér eftir bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfu mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. . . .¹⁾

□ Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi.

¹⁾ L. 61/1932, 94. gr.

■ **2. gr.** [Brot gegn 1. gr. varðar sektum.

□ Skotvopn og veiðifang má gera upptækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.]¹⁾

¹⁾ L. 116/1990, 15. gr.